

Velferðarráðuneytið
b.t. Heilbrigðisráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Netfang: postur@vel.is

Akureyri, 24. apríl 2018.

Beiðni um viðræður vegna samnings við velferðar-/heilbrigðisráðuneytið um tímabundna breytingu á nýtingu tíu hjúkrunnarrýma við Öldrunarheimili Akureyrar.

Með bréfi þessu er óskar undirritaður fyrir hönd Öldrunarheimila Akureyrar (ÖA) eftir viðræðum við fulltrúa velferðarráðuneytisins svo hægt sé að vinna drög að samningi til að *undirbúa og setja af stað nýsköpunar- og þróunarverkefni á sviði öldrunarþjónustu*. Vinnuheiti verkefnisins er „úr dvöl í þjálfun“.

Erindið er hér sent skriflega í framhaldi af stuttri kynningu bæjarstjórans á Akureyri á fundi í með heilbrigðisráðherra fyrr í þessum mánuði.

Þá er lögð fram sú ósk að fulltrúar ráðuneytisins komi til fundar við stjórnendur Öldrunarheimila Akureyrar, þar sem fram færi nánari kynning á verkefninu og aðstæðum, samhliða viðræðum um samning um verkefnið.

Meðfylgjandi er stutt greinargerð en frekari upplýsingar eru fúslega veittar.

Virðingarfyllst,



Halldór S. Guðmundsson,
framkvæmdastjóri ÖA

Stutt greinargerð með beiðni um viðræður við velferðarráðuneytið um nýsköpunar- og þróunarverkefnið „úr dvöl í þjálfun“.

Markmið verkefnisins er að umbreyta og aðlaga þjónustu ÖA varðandi skammtímadvalir/ hvíldardvalir yfir í almenna og sértæka dagþjálfun, til að sinna þörfum þeirra sem búa heima og þurfa stuðning til að búa áfram heima. Tilgangurinn verkefnisins er að fylgja eftir reynslu og ábendingum um þörf fyrir einstaklingsmiðaðar áherslur og sveigjanleika í þjónustunni sem komið hafa fram í rannsóknum og þróunarverkefnum ÖA á síðustu árum innan. Hvatinn að verkefninu liggur í að ná fram betri aðlögun og einstaklingsbundinni þjónustu fyrir aldraða í samræmi við lögbundin markmið um;

...að aldraðir eigi vöð á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hins aldraða. Einnig er markmið laganna að aldraðir geti, eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanapjónusta þegar hennar er þörf.

Gert er ráð fyrir að undirbúningur verði unnin á næstu tveimur mánuðum og að breytingar í starfsemi verði mögulegar a.m.k. frá næstu áramótum eða fyrr. Verkefnið verði síðan starfrækt í allt að 5 árum og að unnið verði árlegt framvindu- og árangursmat.

Á þessari stundu eru áform um að verkefnið feli í sér að allt að 10 hjúkrunarrýmum (af 17 rýmum í skammtíma- og hvíldardvöl) verði umbreytt eða starfrækt sem almenn-, sértæk- og endurhæfingar- dagþjálfun. Þá verði unnið að þróun í átt að breytilegum opunar- og þjónustutíma, þannig að dagþjálfunin sé opin fyrir notendur á tímabilinu frá kl. 8 eða 9 að morgni til kl. 20-21 að kvöldi og jafnframt um helgar og á rauðum dögum. Horft er til þess að eftir þörfum notenda, aðstæðum og mati hverju sinni, verði hægt að nýta 1-3 rými sem tímabundnar innlagnir eða úrræði fyrir þá sem vegna lasleika eða aðstæðna þurfa eftirlit og dvöl til viðbótar þjónustutíma frá kl. 8-21. Þessi áform taka að nokkru mið af ákvæði um sérhæfða (einstaklingsmiðuð) dagþjálfun en snúast um víðtækari og sveigjanlegri þjónustu en tilgreind eru í 5. gr. gjaldskrár nr. 37/2018.

Megininntak væntanlegs samningsins um verkefnið „úr dvöl í dagþjálfun“ er að heimildir ÖA til reksturs á umræddum hjúkrunarrýmum sem nú eru hluti af tímabundinni dvöl eða skammtímaplássum, verði rýmkaðar og þar með að nýta heimildirnar með breytilegum hætti fyrir breytilegan fjölda einstaklinga. Í stuttu máli að það verði á hverjum tíma útfærsluatríði og á ábyrgð ÖA, að nýta rýmin sem nemur fjárheimildum vegna þessara 10 hjúkrunarrýma.

Eins og staðan er í dag er tilefni til að ætla að með þessum breytilegu, sveigjanlegu og einstaklingsbundnu úrræðum, gæti ÖA á markvissari og betri hátt komið til móts við þarfir þeirra 40-60 einstaklinga sem eru á bið eftir hjúkrunarrými, þeirra 15-20 sem eru í bið eftir dvalarrými og þeirra 20-25 sem á hverjum tíma bíða eftir plássi í dagþjálfun.

Þessi áform eru líka til þess fallinn að nýta betur og á heppilegri hátt en verið hefur, þau húsakynni ÖA hefur yfir að ráða. Þá eru áformin „úr dvöl í þjálfun“ í samræmi við áherslur sem fram koma í skýrslu stýrihóps um stefnumótum í málefnum aldraðra til ársins 2015 og líka áherslupáttta í tillögum að stefnumótun í heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða til ársins 2035 sem lögð var fram í mars 2016. Fleiri

stefnuskjöl og áherslur vísa í þessar sömu áttir, meðal annars um að auka þurfi úrræði og tæknilegar úrlausnir þar sem þess er kostur og innleiða með markvissum hætti notkun velferðartækni í öldrunarþjónustu líkt og hin Norðurlöndin hafa gert á síðustu tíu árum.

Eitt þeirra grunnatriða sem fyrrgreind stefnuskjöl leggja til og liggja líka til grundvallar hugmyndum að baki þessu nýsköpunar- og þróunarverkefni, er að leita annarra og nýrra leiða til að efla og styðja eldra fólk til þess að búa sem lengst heima og koma þannig í veg fyrir ótímabæra stofnanadvöl.

Hugmyndir og áformin hafa verið kynnt og reifuð við jákvæðar undirtektir meðal samstarfsaðila og samstarfsstofnana og í þjónustuhópi aldraðra.

Gangi mannfjöldaspár fyrir Akureyri eftir fram til ársins 2035, má gera ráð fyrir að á næstu tíu árum eða á árunum 2028-2032 muni þurfa að huga að byggingu fleiri hjúkrunarrýma á Akureyri. Þess vegna er það forsenda samkomulags um þetta verkefni að ÖA haldi umræddum heimildum til reksturs hjúkrunarrýma á meðan á nýsköpunar og þróunarverkefninu stendur. Hins vegar mun verkefnið leiða í ljós hvort fjölgun einstaklinga yfir 80 ára aldri, verði mætt með fleiri rýmum og/eða sveigjanlegri úrræðum í dagþjálfun eins og hér er lagt upp með. Þörfin fyrir hjúkrunarrými gæti því breyst ef vel tekst til með þessu nýsköpunar- og þróunarverkefni. Fjárhagslegur ávinningur af verkefninu reiknast mjög mikill strax frá upphafi. Ef aðeins er horft til árána 2025-2033 getur ávinningurinn reiknast á milli 5,5 milljarðar króna og felst í að innleiða þjónustustig sem dregur úr eða seinkar þörf fyrir dvöl á hjúkrunarheimili.

Frekari upplýsingar eru fúslega veittar. Þá er lögð fram sú ósk að fulltrúar ráðuneytisins komi til fundar við stjórendum Öldrunarheimila Akureyrar, þar sem fram færi nánari kynning á verkefninu og aðstæðum.

Virðingarfyllst,

Halldór S. Guðmundsson,
framkvæmdastjóri ÖA